

## Sjóvá – Árshlutauppgjör

### Hagnaður 119 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins

#### Tap 630 m.kr. á öðrum ársfjórðungi

- Hagnaður af váttryggingastarfsemi fyrir skatta 47 m.kr.
- Tap af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 680 m.kr.
- Ávöxtun fjárfestingarsafns félagsins -1,3%
- Samsett hlutfall 105,2% samanborið við 100,3% á 2F 2017
- Horfur fyrir árið 2018 eru að samsett hlutfall verði 98% (3F: 94%, 4F: 95%) og að hagnaður fyrir skatta verði um 1.000 m.kr.
  - Tilkynnt verða frávik umfram 5 prósentustig í samsettu hlutfalli innan fjórðunga.

#### Hermann Björnsson, forstjóri:

„Tveir stórbrunur setja mark sitt á afkomu 2. ársfjórðungs og þar með á 6 mánaða árshlutauppgjörið 2018. Samanlagt tjón af völdum þeirra vigtar um 10% í samsettu hlutfalli á fjórðungnum þegar tekið hefur verið tillit til hluta endurtryggjenda. Brunatjón af þessari stærðargráðu henda að jafnaði með nokkurra ára millibili en afar sjaldgæft er að tvö slík komi á einum og sama fjórðungi. Undanfarna fjórðunga hefur váttryggingarekstur þróast með jákvæðum hætti þar sem góður vöxtur er í iðgjöldum, eigin iðgjöld hafa vaxið umfram eigin tjón, að öðrum fjórðungi frátöldum. Sú þróun gerir það að verkum að áhrif þessara bruna á rekstur eru ekki eins mikil og annars hefði orðið.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi jákvæðum iðgjaldavexti á síðari helmingi ársins og að samsett hlutfall í lok árs verði um 98% í stað 96% eins og kynnt var í upphafi árs.

Tap félagsins á fjórðungnum er tilkomið vegna slæmrar afkomu af fjárfestingarstarfsemi og skýrist að langmestu leyti af tapi á hlutabréfasafni. Neikvæð þróun verðbréfamarkaða það sem af er ári veldur því að horfur um afkomu fyrir skatta eru færðar úr 2.800 m.kr. í 1.000 m.kr.

Eins og greint var frá við uppgjör 1. ársfjórðungs fengum við erlenda ráðgjafa til liðs við okkur til að móta stefnu í stafrænni þjónustu. Þeir hafa nú lokið störfum og þegar hefur verið hafist handa við að innleiða stefnuna. Fyrsti afrakstur þeirrar vinnu mun líta dagsins ljós á næstu vikum. Í allri nálgun og uppleggi þessarar vinnu eru þarfir viðskiptavina hafðar í forgrunni.“

#### Kynningarfundur 23. ágúst kl. 16:15

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2018, fimmtudaginn 23. ágúst kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni [www.sjova.is/afkomukynningar](http://www.sjova.is/afkomukynningar)

#### Fjárhagsdagatal

3. ársfjórðungur: 1. nóvember 2018

Ársuppgjör 2018: 14. febrúar 2019

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website [www.sjova.is](http://www.sjova.is)

#### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

SJÓVÁ

	2F 2018	2F 2017	%	6M 2018	6M 2017	%
<b>Vátryggingastarfsemi</b>						
Iðgjöld tímabilsins	4.462	4.029	10,7%	8.714	7.879	10,6%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(249)	(214)	16,4%	-462	-394	17,2%
<b>Eigin iðgjöld</b>	<b>4.213</b>	<b>3.815</b>	<b>10,4%</b>	<b>8.252</b>	<b>7.484</b>	<b>10,3%</b>
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	278	262	6,4%	556	537	3,6%
Aðrar tekjur	8	4	122,7%	16	20	-19,6%
Heildartekjur af vátryggingarekstri	4.499	4.080	10,3%	8.824	8.041	9,7%
Tjón tímabilsins	(3.879)	(3.004)	29,1%	-6.923	-5.956	16,2%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	395	114	245,9%	441	164	168,9%
<b>Eigin tjón</b>	<b>(3.484)</b>	<b>(2.890)</b>	<b>20,6%</b>	<b>-6.482</b>	<b>-5.792</b>	<b>11,9%</b>
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	(968)	(941)	2,9%	-1.899	-1.864	1,9%
<b>Heildargjöld af vátryggingarekstri</b>	<b>(4.452)</b>	<b>(3.831)</b>	<b>16,2%</b>	<b>-8.381</b>	<b>-7.656</b>	<b>9,5%</b>
<b>Hagnaður/tap af vátryggingarekstri</b>	<b>47</b>	<b>250</b>	<b>-81,2%</b>	<b>443</b>	<b>385</b>	<b>15,1%</b>
<b>Fjárfestingarstarfsemi</b>						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	(583)	609	-%	-68	1.697	-%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	(97)	(69)	39,8%	-190	-134	42,0%
<b>Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi</b>	<b>(680)</b>	<b>539</b>	<b>-%</b>	<b>-259</b>	<b>1.563</b>	<b>-%</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>(633)</b>	<b>789</b>	<b>-%</b>	<b>185</b>	<b>1.949</b>	<b>-90,5%</b>
Tekjuskattur	3	(87)	-%	-66	-146	-55,0%
<b>Heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>(630)</b>	<b>702</b>	<b>-%</b>	<b>119</b>	<b>1.803</b>	<b>-93,4%</b>
	<b>2F 2018</b>	<b>2F 2017</b>		<b>6M 2018</b>	<b>6M 2017</b>	
Tjónahlutfall	86,9%	74,6%		79,5%	75,6%	
Endurtryggingahlutfall	-3,4%	2,4%		0,1%	2,7%	
<b>Tjóna- og endurtryggingahlutfall</b>	<b>83,5%</b>	<b>77,0%</b>		<b>79,5%</b>	<b>78,3%</b>	
Kostnaðarhlutfall	21,7%	23,3%		21,8%	23,7%	
Samsett hlutfall	105,2%	100,3%		101,3%	101,9%	
Ávöxtun eigin fjár	-17,4%	16,9%		1,6%	21,7%	
Hagnaður á hlut	-0,44	0,49		0,08	1,26	
Eigið fé	13.695	15.832		13.695	15.832	
Gjaldþolshlutfall	1,45	1,58		1,45	1,58	

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir annan ársfjórðung 2018 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 23. ágúst 2018. Árslutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.